

REGLUGERÐ

um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2020.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt III. og VI. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og greiðslur samkvæmt 63. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2020:

<i>Lífeyrstryggingar</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ellilífeyrir, skv. 1. mgr. 23. gr.	256.789	3.081.468
Hálfur ellilífeyrir, skv. 2. mgr. 23. gr.	128.395	1.540.734
Örorkulífeyrir, skv. 4. mgr. 18. gr.	48.108	577.296
Örorkustyrkur, skv. 1. mgr. 19. gr.	35.565	426.780
Örorkustyrkur, skv. 2. mgr. 19. gr.	48.108	577.296
Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 20. gr.	35.565	426.780
Aldurstengd örorkuuppbót (100%), skv. 2. mgr. 21. gr.	48.108	577.296
Tekjutrygging, skv. 3. mgr. 22. gr.	154.058	1.848.696

<i>Annað</i>	<i>kr. á dag</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ráðstöfunarfé, skv. 8. mgr. 48. gr.		77.084	925.008
Dagpeningar utan stofnunar, skv. 9. mgr. 48. gr.	3.744		
Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 63. gr.		35.565	426.780

2. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2020:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr.	10.296	123.552
Mæðra- og feðralaun með þremur börnum eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.	26.769	321.228
Barnalífeyrir, skv. 1. mgr. 3. gr.	35.565	426.780
Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr.	192.433	2.309.196
Makabætur og umönnunarbætur (80%), skv. 5. gr.	161.732	1.940.784
Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.	52.974	635.688
Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.	39.682	476.184
Endurhæfingarlífeyrir, skv. 1. mgr. 7. gr.	48.108	577.296
Heimilisuppbót, skv. 2. mgr. 8. gr.	64.889	778.668
Heimilisuppbót, skv. 3. mgr. 8. gr.	52.073	624.876
Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 2. mgr. 10. gr.	17.781	213.372

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2020. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1202/2018, um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2019.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. desember 2019.

Ásmundur Einar Daðason.

Gunnhildur Gunnarsdóttir.